



UMHVERFISSTOFNUN

Berist til skipulags- og byggingarfulltrúa og formanns náttúruverndarnefndar/umhverfissráðs sveitarfélagsins.

Reykjavík 22. september 2015
UST201502-378/K.S.J.
09.08.00

Efni: Óheimilar auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis

Þann 29. maí sl. sendi Umhverfisstofnun rafrænt bréf á alla skipulags- og byggingarfulltrúa í landinu og vakti þar með athygli á þeim lögum og reglugerðum er gilda varðandi auglýsingar utan þéttbýlis.

Lítil viðbrögð voru við bréfinu nema frá Sveitarfélaginu Hornafjarður, en byggingarfulltrúi sveitarfélagsins hefur lagt á sig vinnu við að greina skilti í sveitarfélaginu og erindi frá honum er hér í vinnslu innan stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að byggingarfulltrúar fylgist með ólöglegum auglýsingum í viðkomandi sveitarfélagi og gæti þess að farið sé að gildandi lögum og reglugerðum.

Umhverfisstofnun ítrekar að stofnunin er ætíð tilbúin til samráðs og ráðgjafar um ofangreind atriði.

Með þessu bréfi er sent bréf af sama toga og sent var í fyrra til að vekja athygli á því að það gilda lög og reglur sem varða skilti utan þéttbýlis.

Umhverfisstofnun bendir á að nú hafa tekið gildi ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Agnar B Bragason
Lögfræðingur